

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Mýrdalshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur sveitarstjórn Mýrdalshrepps samþykkt eftirfarandi skipulagsáætlun:

Bakkar, deiliskipulag.

Deiliskipulagið nær yfir svæði Bakka í Vík og með þessu deiliskipulagi fellur úr gildi deiliskipulag fyrir Mýrarbraut 13. Þannig fæst heildardeiliskipulag fyrir þetta svæði og þannig betur hægt að samræma uppbyggingu innan svæðisins sem skal vera í samræmi við aðliggjandi íbúðarbyggð.

Samþykkt í sveitarstjórn 17. október 2024.

Ofangreind skipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Vík í Mýrdal, 28. janúar 2025.

George Frumuselu skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 11. febrúar 2025